

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, viðskiptanefnd
vt. Selma Hafliðadóttir
nefndaritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. desember 2009 02-2009120985
T-ums 56/09

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi - 229. mál, þskj. 254.

Að gefnu tilefni óskar ríkisskattstjóri eftir að koma á framfæri eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi (229. mál, þskj. 254) sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

Ríkisskattstjóri gerði athugasemdir við frumvarpið þegar það var lagt fram á Alþingi á vorþingi 2008 sem hlaut ekki afgreiðslu. Þrátt fyrir að í því frumvarpi sem nú liggur fyrir hafi verið tekið tillit til ábendinga sem fram komu í fyrrgreindri umsögn ríkisskattstjóra telur ríkisskattstjóri ástæðu til að gera athugasemdir við eftirfarandi:

Ríkisskattstjóri starfrækir ársreikningaskrá skv. lögum um ársreikninga, en hlutverk ársreikningaskrár er m.a. að taka á móti ársreikningum félaga með takmarkaða ábyrgð eignaraðila og birta almenningi og hafa eftirlit með því að ársreikningar séu samdir í samræmi við lög nr. 3/2006, um ársreikninga, þ.m.t. eftirlit með félögum sem skylt er að semja ársreikninga sína samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Í 2. málsli. 1. mgr. 55. gr. frumvarpsins kemur fram að ársreikningur váttryggingafélags skuli hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings. Í 3. gr. laga um ársreikninga er tekið fram að „skýringar“ séu hluti ársreiknings og leggur ríkisskattstjóri því til að því orði verði skotið inn á eftir orðinu „sjóðstreymi“ til samræmis.

Í lokamálslið 1. mgr. 55. gr. frumvarpsins segir „Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu váttryggingafélags og skal gerður í samræmi við lög, settar reikningsskilareglur og settar alþjóðlegar reikningsskilareglur.“ Samkvæmt lögum um ársreikninga skulu ársreikningar félaga með takmarkaðri ábyrgð eignaraðila vera samdir í samræmi við lög nr. 3/2006, um ársreikninga. Félög sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði er skylt til að semja ársreikninga sína og samstæðureikninga samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, sbr. VIII. kafla laganna, og ganga settir reikningsskilastaðlar framur öðrum ákvæðum laga um ársreikninga. Að mati ríkisskattstjóri fer því ekki saman að semja skuli ársreikninga „í samræmi við lög, settar reikningsskilareglur og settar alþjóðlegar reikningsskilareglur.“ Ef ætlunin er að skylda váttryggingafélög að semja ársreikninga sína samkvæmt settum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum án tillits til

skráningar á skipulegum verðbréfamarkaði eða stærðar félagsins eins og áskilið er í lögum um ársreikninga þá leggur ríkisskattstjóri til að lokamásl. 1. mgr. 55. gr. frumvarpsins orðist þannig: „Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu váttryggingafélags og skal saminn í samræmi settar alþjóðlegar reikningsskilareglur, sbr. VIII. kafla laga um ársreikninga.“


Ríkisskattstjóri leggur til í framhaldi af framangreindri tillögu að 4. mgr. 55. gr. í frumvarpinu verði breytt þannig orðin „og settar reikningsskilareglur“ falli niður

Í 2. másl. 1. mgr. 56. gr. frumvarpsins kemur fram að á aðalfundi skuli kjósa endurskoðendur í samræmi við samþykktir félags, en í 4. mgr. segir að óheimilt sé að kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki oftar en fimm ár í röð. Ríkisskattstjóri leggur til að í 2. másl. 1. mgr. áður nefndrar 56. gr. verði skotið inn orðunum „eða endurskoðunarfyrtæki“ til samræmis við orðalag 4. mgr. og samsvarandi ákvæða í lögum um ársreikninga.

Í 5. mgr. 62. gr. frumvarpsins kemur fram að færi váttryggingafélag bókhald sitt í erlendri mynt skuli það senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um fjárhagsleg atriði, sbr. 58. gr., umreiknaðar í innlenda mynt. Ríkisskattstjóri leggur til að áður nefnd 5. mgr. orðist þannig: „Hafi váttryggingafélag heimild ársreikningaskrár til að færa bókhald sitt og semja ársreikninga sína í erlendum gjaldmiðli skal það senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um fjárhagslega atriði, sbr. 58. gr., umreiknaðar í íslenskar krónur.“

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra


Guðrún J. Jónsdóttir


Guðmundur Guðbjarnason